**Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
**annars vegar**
**og**
**Starfsmannafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands**
gera með sér svofellt

S A M K O M U L A G

um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila

Inngangur

Aðilar eru sammála um að vinna áfram með öðrum aðilum vinnumarkaðarins að sameiginlegum markmiðum, svo sem lægri verðbólgu, auknum stöðugleika í íslensku efnahagslífi til lengri tíma ásamt bættum vinnubrögðum við samningagerð meðal annars til að skapa samfellu og einfalda og samræma kjarasamninga. Stuðla þarf að því að starfsmenn ríkisins búi við svipuð starfskjör, þ.á.m. launakerfi, launastig og launaþróun og þekkist á hinum almenna vinnumarkaði svo ríkið geti til frambúðar staðist samkeppnina við aðra hluta vinnumarkaðarins.

Viðræður um endurnýjun næstu kjarasamninga hefjist strax við gildistöku þessa samnings. Unnið verður eftir viðræðuáætlun sem gerð verði samhliða.

## 1. gr.
## Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. febrúar 2014 til 28. febrúar 2015 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felst og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

## 2. gr.
## Launahækkanir

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

1.2.2014: Laun hækka um 2,8%. Sjá útfærslu í meðfylgjandi launatöflu í fylgiskjali 1.

## 3. gr.
## Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2014 73.600 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2014 39.500 kr.

**4. gr.**
**Atkvæðagreiðsla**

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 20. júní 2014 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 12. júní 2014

| | |
|---|---|
| f.h. fjármála- og efnahagsráðherra | f.h. Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands |
| með fyrirvara um samþykki | með fyrirvara um samþykki félagsmanna |
| *Gunnar Björnsson (sign.)* | *David Bobroff (sign.)* |
| *Guðrún Ragnarsdóttir (sign.)* | *Áshildur Haraldsdóttir (sign.)* |
| *Stefanía S. Bjarnadóttir (sign.)* | *Emil Friðfinnsson (sign.)* |
| *Halldóra Friðjónsdóttir (sign.9* | *Árni Áskelsson (sign.)* |
| | *Dean Ferrell (sign.)* |

**Bókun með kjarasamningi**
**fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
**og**
**Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands**

**dags. 12. júní 2014**

## Bókun 1

Samkomulag tiltekinna aðildarfélaga BHM og fjármála- og efnahagsráðherra, dags. 28. maí 2014, varðandi viðræðuáætlun og önnur atriði svo sem fyrirkomulag á 0,1% viðbótarframlagi til fræðslumála gildir einnig um þennan samning og verður hluti hans.

## *Fylgiskjal 1*

Með kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og Starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, dags 12. júní 2014.

**Launatafla tekur gildi 1. febrúar 2014**

| | 0 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 01 | 281.850 | 288.332 | 294.815 | 301.297 | 307.780 | 314.263 | 320.745 | 327.228 | 333.710 |
| 02 | 293.331 | 301.146 | 307.917 | 314.687 | 321.458 | 328.228 | 334.999 | 341.770 | 348.540 |
| 03 | 305.394 | 314.529 | 321.600 | 328.672 | 335.743 | 342.815 | 349.886 | 356.958 | 364.029 |
| 04 | 318.864 | 328.506 | 335.892 | 343.278 | 350.664 | 358.050 | 365.435 | 372.821 | 380.207 |
| 05 | 334.169 | 343.105 | 350.819 | 358.533 | 366.247 | 373.961 | 381.675 | 389.389 | 397.103 |
| 06 | 350.209 | 358.353 | 366.410 | 374.467 | 382.523 | 390.580 | 398.637 | 406.694 | 414.751 |
| 07 | 367.019 | 375.554 | 383.997 | 392.441 | 400.884 | 409.328 | 417.772 | 426.215 | 434.659 |
| 08 | 384.636 | 393.580 | 402.429 | 411.278 | 420.127 | 428.976 | 437.825 | 446.673 | 455.522 |
| 09 | 403.099 | 412.472 | 421.746 | 431.019 | 440.293 | 449.567 | 458.840 | 468.114 | 477.387 |
| 10 | 422.448 | 432.271 | 441.990 | 451.708 | 461.427 | 471.146 | 480.864 | 490.583 | 500.302 |
| 11 | 442.725 | 453.020 | 463.205 | 473.390 | 483.576 | 493.761 | 503.946 | 514.131 | 524.316 |
| 12 | 463.976 | 474.765 | 485.439 | 496.113 | 506.787 | 517.461 | 528.135 | 538.809 | 549.484 |
| 13 | 486.247 | 497.554 | 508.740 | 519.927 | 531.113 | 542.299 | 553.486 | 564.672 | 575.859 |
| 14 | 509.587 | 521.436 | 533.160 | 544.883 | 556.606 | 568.330 | 580.053 | 591.777 | 603.500 |
| 15 | 534.047 | 546.465 | 558.751 | 571.037 | 583.323 | 595.610 | 607.896 | 620.182 | 632.468 |
| 16 | 559.681 | 572.695 | 585.571 | 598.447 | 611.323 | 624.199 | 637.075 | 649.951 | 662.826 |
| 17 | 586.546 | 600.185 | 613.679 | 627.173 | 640.667 | 654.160 | 667.654 | 681.148 | 694.642 |
| 18 | 614.700 | 628.994 | 643.135 | 657.277 | 671.419 | 685.560 | 699.702 | 713.843 | 727.985 |